

BJALLAN

leikrit eftir Ólaf Hauk Símonarson

2012

PERSÓNUR

Gunnar Halldórsson, bílasali, 65 ára.

Maður sem má muna fífil sinn fegri. Klæði hans eru gamaldags, lúin; fitublettir og slit. Yfir honum er blær uppgjafar, en jafnframt stóisk ró, eins og hann hafi fullkomlega sæst við hlutskipti sitt.

Halldór Gunnarsson, bílasali 40 ára.

Maður sem vill vel en mistekst flest. Klæði hans eru smekklaus, keypt á útsölum, skórnir hælaskakkir, stækklipping úr sér vaxin.

Finnur Gunnarsson, bílasali, 37 ára.

Maður sem hefur horft á þrjú myndbönd á dag alltof lengi. Hann hefur líka legið of lengi í sólbekkjum. Gullkeðja um hálsinn með krossi á loðnu brjósti. Gullarmbönd, gullhringar. Klæðin svört og glansandi nema sokkarnir sem eru neonbláir. Jakkaermarnar uppbrettar, þótt úti snjó.

Hrafnhildur Jónsdóttir, húsmóðir, eiginkona Halldórs, 37 ára.

Kona sem vill lifa lífi sem hún hefur enga möguleika á að lifa. Drekkur of mikið og of oft. Hárið ljóst, aflitað; málningin of mikil; skartið of glyskennnd, þótt það sé alls ekki ódýrt. Klæðin eiga að undirstrika kynferðislega aðlaðandi líkama, en verða allt að því klúr.

Haflíði Karlsson, tollvörður, fráskilinn, 50 ára.

Spilafíkill sem heldur að hann sé klárari en hann er í raun. Býr einn eftir að konan fór frá honum. Sleppir aldrei sígarettunni. Dreymir um stóra kúppið. Klæðin grá, maðurinn grár, fingurnir gulir.

Steinunn, 30 ára.

Steinunn tekur talsvert magn af geðlyfjum á hverjum degi. Geri hún það ekki fer í verra. Hún er

falleg stúlka, en hún hefur látið stinga á sig húðmyndir hér og þar og klippt hárið nauðastutt og litað gulróttarrautt. Klædd í gamlan víðan kjól, sem gæti hafa verið í tísku fyrir þrjátíu árum.

1. ÞÁTTUR

Dagur. Það snjóar. Afgreiðsla bílasölnunnar Bjöllunnar. Þrjú skrifborð. Þrjár símar. Tveir sófar. Kaffivél. Sófaborð með velktum bilablöðum. Til hægri er gengið inn í sýningarsal og þaðan út á hlað þar sem bílar eru til sýnis og sölu. Til vinstri er gengið inn á salerni. Á bak við skrifborðin þrjú er gengið annars vegar inn á einkaskrifstofu Gunnars, en hins vegar út á bilaplanið. Gluggi með rimlagardínu þar sem sér út á bílastæðið. Halldór er að fást við kaffivélina. Gunnar talar í síma.

GUNNAR: Álfelgur já, og topplúga já. - Þá er bara að loka lúgunni. - Nei, nei, það er ekkert vandamál, bílar eru alveg vatnspéttir í dag.

HALLDÓR: Segðu honum að éta það sem úti frýs!

GUNNAR: Nei, þetta er alls ekki mikill akstur. Ekki miðað við árgerð. - Þessar vélar fara í þrjúhundruðþúsund kílómetra. - Jæja, hefurðu heyrt það? Það er meira en ég veit. - Að gírkassarnir hrynji í hundruðþúsund? Nei, það hef ég ekki heyrt. - Já, já, auðvitað eru sjálfskiptingar dýrar, maður er að borga fyrir þægindi ...

HALLDÓR: Blessaður vertu ekki að eyða tíma í þennan asna. Ég er búinn að segja honum þetta allt.

GUNNAR: Fyrirgefðu augnablik. Augnablik. (*Grípur fyrir tólið.*)

Viltu hætta þessu gjammi, Dóri minn, ég er að reyna að ná manninum.

HALLDÓR: Hann ætlar ekki að kaupa neitt. Ég veðja pitsu.

GUNNAR: Pitsur eru ekki mannamat. Saltkjöt á Múlakaffi. Ég tek því. (*Í símann.*) Já, fyrirgefðu, það var maður að skila Hondulyklunum. - Já, sami bíll. - Það er aldrei að vita, hann var að láta kíkja á hann fyrir sig á verkstæði. - Já, já, svona gerist þetta. - Nei, allir bílar seljast fyrir eða síðar. - Já, já, auðvitað er þetta toppverð, en bíllinn er mjög sólíd, Hondurnar eru það ... - Já, nei, - þetta er eins og hver önnur verslun, þegar seðlarnir er komnir á borðið er hluturinn seldur. (*Tekur fyrir tólið, andvarpar þungt. Halldór hristir höfuðið.*) - Já, einn eigandi frá upphafi. Smurbók frá skráningardegi. - Nú, sástu hana ekki? Hún liggur þá hér inni einhvers staðar. - Já, hún er hérna á borðinu ... - Já, já, það er bara svona: fyrstur kemur fyrstur fær. - En eins og ég segi, þetta er gullmoli og eðlilegt að fleiri hafi áhuga. - Ætli gerist nokkuð fyrir en á morgun. - 20%? Það má skoða það. - Já, já, Hondan verður hér allavega þar til í fyrramálið. - Já, blessaður. (*Hann leggur á.*)

HALLDÓR: Hvaða smurbók ert þú að tala um? Það var engin smurbók í Hondunni.

GUNNAR: Viltu þá útbúa smurbók fyrir mig. Það eru einhverjar óútfylltar bækur þarna inni. Hafðu svona sjö þúsund á milli smurninga. Notaður mismunandi penna.

HALLDÓR: Ég stend ekki í svona vitleysu.

GUNNAR: Jæja, þá verð ég að gera það.

HALLDÓR: Þetta fyrirbæri er búið að koma hér á hverjum degi í allt haust. Hann er búinn að reynsluaka hundrað bílum, fletta hundrað smurbókum, röfla endalaust um bensíneyðslu, ryðvörn og endursöluverð – heldurðu virkilega að hann fari allt í einu að rífa upp veskið og borga eina og hálf milljón fyrir Hondu sem búið er að aka 200 þúsund kílómetra?

GUNNAR: Ég er búinn að vera í þessu í þrjátíu og fimm ár, Dóri minn, maður er farinn að finna

ýmislegt á sér.

HALLDÓR: Jæja, er það þess vegna sem maður fær svona helvíti mikið útborgað, af því þú finnur þetta allt á þér?

GUNNAR: Vantar þig pening?

HALLDÓR: Vantan mig pening? Ertu að djóka?

GUNNAR: Hefurðu ekki fengið þitt kaup?

HALLDÓR: Þrjúhundruðþúsundkall í síðasta mánuði.

GUNNAR: Nóvember og desember eru alltaf þungir. Það veistu jafnvel og ég.

HALLDÓR: Ég er orðinn drulluleiður á þessu!

GUNNAR: Leiður á hverju?

HALLDÓR: Öllu! Og þá meina ég öllu! Ekki næstum öllu, heldur öllu!

GUNNAR: Öllu hverju?

HALLDÓR: Öllu hverju! Veðrinu, þessum helvítis kofa, bíldrslum, og sérstaklega þessu liði sem þykist ætla að kaupa en kaupir aldrei neitt!

GUNNAR: Þú seldir Mözdu í gær.

HALLDÓR: Já, ég seldi Mözdu í gær. Mözdu 323 á sléttum sumardekkjum. Á sumardekkjum

með mígleka heddþakningu! 500 þúsund kall á borðið. Mannræfillinn hafði ekki vit á því að opna húddið. Ég hefði getað ælt þegar fiflið keyrði burt á þessari helvítis líkkistu.

GUNNAR: Það neyðir enginn fólk til þess að kaupa eitt eða neitt. (*Dok.*) Sendirðu sölutilkynningu? (*Dok.*) Þetta lagast þegar fer að birta, Dóri minn. Skánar strax upp úr nýári. Við verðum bara að þreyja þorrann.

HRAFNHILDUR: (*kemur inn. Við Halldór.*) Ég er ekki komin til að rífast við þig.

HALLDÓR: Nei, hvað segirðu? Hvað skyldi erindið það þá vera?

HRAFNHILDUR: Við eigum börn saman. Þú skalt hugleiða það.

HALLDÓR: Heldurðu að ég hafi aldrei hugleitt það?

(*Hrafnhildur kveikir sér í sígarettu.*)

GUNNAR: Sæl, Hrafnhildur, mín.

HRAFNHILDUR: Sæll, Gunnar. (*Við Halldór.*) Ég ætla að halda jól fyrir börnin. Mig vantar peninga.

HALLDÓR: Vantar þig peninga? Ég trúi þessu ekki, hvernig getur staðið á því?

HRAFNHILDUR: Ég sagðist ekki vera komin til þess að rífast við þig.

HALLDÓR: Það eru frábær tíðindi!

HRAFNHILDUR: Ertu búinn að kaupa jólagjafir handa krökkunum?

HALLDÓR: Í gær sagðirðu að ég ætti ekkert í þessum krökkum.

HRAFNHILDUR: Ef þú ert sá ræfill að gangast ekki við börnunum þínum, þá þú um það.

HALLDÓR: Ég var að segja þér hvað þú sagðir.

HRAFNHILDUR: Ég þarf ekki að láta þig segja mér hvað ég sagði.

HALLDÓR: Ertu viss um það? Manstu alltaf hvað þú segir?

HRAFNHILDUR: Ég þarf að kaupa mat og jólagjafir. Ætlarðu að láta mig hafa peninga?

HALLDÓR: Ég vil búa með mínum börnunum.

HRAFNHILDUR: Nei, það geturðu ekki.

HALLDÓR: Ertu hrædd um að þú fáir þá ekki að drekka í friði um jólin?

HRAFNHILDUR: Góði haltu kjafti!

HALLDÓR: Þú gætir að minnsta kosti reynt að fara ekki á skallann fyrr en krakkarnir eru komnir í rúmið.

GUNNAR: Það er óþarfi að tala svona.

HALLDÓR: Hvað veist þú um það?

GUNNAR: Ég hef ekki orðið var við að Hrafnhildur vanræki börnin.

HALLDÓR: Hefur þú verið vakinn og sofinn að fylgjast með uppeldi minna barna? Þú fylgdist ekki einu sinni með uppeldi þinna eigin barna.

GUNNAR: Ég veit ekki betur en það sé allt í lagi með þig, Dóri minn.

HALLDÓR: Það er auðvitað þér að þakka.

GUNNAR: Af hverju talarðu svona? Höfum við ekki verið góðir félagar?

HRAFNHILDUR: *(Við Halldór.)* Ég spurði hvort þú værir búinn að kaupa jólagjafir handa krökkunum – þínum krökkum!

HALLDÓR: Auðvitað. Heldurðu að ég sé einhver ræfill? *(Hann bendir á plastpoka uppi á skápnunum.)*

HRAFNHILDUR: Náðu þá í þær.

HALLDÓR: Ég kem með þær sjálfur.

HRAFNHILDUR: Nei, það er ekki hægt. Ég kæri mig ekki um það.

HALLDÓR: Þú kærir þig ekki um það? Af hverju?

HRAFNHILDUR: Það kemur bara róti á þau.

HALLDÓR: Kemur róti á þau? Kemur það róti á þau að sjá pabba sinn?

HRAFNHILDUR: Ég tek pakkana. Svo vantar mig peninga til að halda jól.

HALLDÓR: Af hverju færðu þér ekki vinnu?

HRAFNHILDUR: (*Við Gunnar.*) Þarf ég að hlusta á þessar svívirðingar einu sinni enn? Maðurinn getur ekki sætt sig við það að ég er öryrki. Furðulegt.

HALLDÓR: Eini öryrkinn á Íslandi sem aldrei sleppir úr partyi.

HRAFNHILDUR: Þetta er hann búinn að segja börnunum í mörg ár; mamma ykkar nennir ekki að vinna, hún er aumingi.

GUNNAR: (*tekur upp gamaldags peningakassa.*) Ég get látið þig hafa einhvern smápening, Hrafnhildur mín. Af hverju reyniði ekki að tala saman eins og fullorðið fólk? Þetta hefur nú ekki alltaf gengið svona illa hjá ykkur.

HRAFNHILDUR: Heldurðu að ég hafi sótt um nálgunarbann bara að gamni mínu?

GUNNAR: Sjaldan á einn sök þegar tveir deila.

HRAFNHILDUR: Sonur þinn er því miður ofbeldismaður.

HALLDÓR: Það er lygi!

HRAFNHILDUR: Ég er með læknaskýrsluna hérna í töskunni.

HALLDÓR: Djöfull geturðu verið ómerkileg!

GUNNAR: Það þjónar engum tilgangi að tala svona.

HALLDÓR: Hún laug því blákalt að ég hefði lagt á sig hendur!

HRAFNHILDUR: Læknaskýrslan segir allt sem segja þarf!

HALLDÓR: Er ég ofbeldismaður, pabbi? (*Gunnar réttir Hrafnhildi peningaseðla.*) Svaraðu því, er ég ofbeldismaður?

GUNNAR: Þú getur orðið æstur.

HALLDÓR: Get ég orðið æstur? Auðvitað get ég orðið æstur! Mest langar mig að lúberja þennan kvenmann, en ég geri það ekki, og hef aldrei gert!

HRAFNHILDUR: Ég er með læknaskýrsluna hérna í töskunni. Pabbi þinn getur fengið að lesa hana ef hann vill.

HALLDÓR: Þú hrundir niður stiga, blindfull, algjörlega án minnar hjálpar! Ég ætla sjálfur að færa börnunum mínum gjafir á jólunum.

HRAFNHILDUR: Það er ekki hægt, skilurðu það ekki? Þú ert í nálgunarbanni!

HALLDÓR: Hvað ert þú þá að gera hér, ef ég er í nálgunarbanni?

HRAFNHILDUR: Það er ekki ég sem er í nálgunarbanni, heldur þú! Ætlaðu að ná í pokann?

HALLDÓR: Ég færir þeim gjafirnar sjálfur.

HRAFNHILDUR: Annað hvort tek ég pokann núna eða þú sleppa því að gefa þeim jólagjafir.

Halldór gripur í Hrafnhildi ógnandi; hann er um það bil að sleppa sér.

HRAFNHILDUR: Ætlarðu að berja mig fyrir framan augun á honum föður þínum? (*Halldór sleppir henni.*) Þú þorir því ekki?

HALLDÓR: Þú reynir sífellt að niðurlægja mig.

HRAFNHILDUR: Niðurlægja þig?

HALLDÓR: Niðurlægja mig, já! Þú skilur það ekki?

HRAFNHILDUR: Nei, ég skil það ekki.

HALLDÓR: Kannast ekkert við það?

HRAFNHILDUR: Aumingja þú. Svo rosalega niðurlægður.

HALLDÓR: (*sest í sófann.*) Taktu gjafirnar! Ég vona að þið eigið gleðileg jól. Farðu svo!

Gunnar tekur pokann ofan á skápnum, réttir Hrafnhildi hann.

GUNNAR: Gleðileg jól, Hrafnhildur mín. (*Hrafnhildur kinkar kalli, en horfir á Halldór sem hylur andlit sitt. Hún snýst loks á hæli, og fer. Skilur jólagjafirnar eftir. Síminn á skrifborði Halldórs hringir. Finnur kemur í dyrnar. Hann heldur á kústi; það er snjór á buxnakálmunum.*)

GUNNAR: Ég skal taka þetta.

HALLDÓR: Nei, það skaltu ekki gera. (*Hann rís á fætur, gengur að skrifborði sínu.*) Bjallan. Já, það er opið. - Benz SL-350? Já, það vill svo vel til. - Jólasveinarauður, já. Fínn fyrir jólasveina.

Finnur slítur sambandinu við síma Halldórs, tekur sjálfur símann.

FINNUR: - Þú varst að spyrja um SL-inn? ... - Já, nýinnfluttur... - Já, öll gögn fylgja.

HALLDÓR: *(hrópar.)* Þetta er minn díll helvítis ormurinn þinn!

FINNUR: - Já, við fluttum hann inn sjálfir. - Toppbíll. Betri en nýr.

HALLDÓR: Tjónabíll!

FINNUR: -Ég á ekki von á öðru ... - Já, það er ennþá til fólk sem vill vera vel akandi.

HALLDÓR: Tjónabíll!

FINNUR: - Það styttist í að við förum að loka ... - Ókei, segjum það.

FINNUR: *(leggur símann á. Rís á fætur. Gengur að Halldóri. Hendir honum harkalega til.)* Á ég að lemja þig helvítis asninn þinn. Hvað ertu að röfla um tjónabíla þegar ég er að tala í fucking símann!

GUNNAR: Er ekki allt í lagi með ykkur, drengir?

FINNUR: Jú, mér líður alveg fjandi vel. En hvað er að þessum manni, geturðu sagt mér það?

GUNNAR: Þú þarft ekki að ráðast á bróður þinn.

FINNUR: Mér finnst reyndar að ég ætti að berja hann í plockkfisk. Jæja, það eru að koma jól og allt það ...

HALLDÓR: Þetta er tjónabíll. Þarf engan fagmann til að sjá að það.

FINNUR: Ef þú nefnir aftur tjónabíll kála ég þér!

GUNNAR: Hann hefur ekki hringt maðurinn út af Landrovernum?

FINNUR: Talking to me?

GUNNAR: Hann ætlaði að vera í sambandi.

FINNUR: Ég kem ekki nálægt breskum mykjudreifurum.

GUNNAR: (*Við Halldór.*) Hringdirðu í bankann?

HALLDÓR: Þeir tékkuðu á honum fyrir mig.

GUNNAR: ... Og?

HALLDÓR: Ekkert því til fyrirstöðu að hann yfirtaki skuldabréfið.

FINNUR: Breskur mykjudreifari.

GUNNAR: Svo segiði að ekkert seljist, drengir. Einn er hver einn.

FINNUR: Þessi jeppadjöfull er búinn að standa hér í sex mánuði.

GUNNAR: Í desember gildir að halda ró sinni. Alltaf smá stokkur af fólki sem kaupir Landrovera. Að lokum birtist alltaf einhver.

FINNUR: Einhver bullshittari með smáaura!

GUNNAR: Ég hef selt alla Landrovera sem hér hafa komið inn. Getur tekið tíma, viðurkenni það, en að lokum seljast þeir allir.

FINNUR: Það er ekkert upp úr mykjudreifurum að hafa.

GUNNAR: Einn er hver einn.

HALLDÓR: (*líkir eftir föður sínum.*) Seldur bíll er seldur bíll.

FINNUR: (*hermir líka eftir föður sínum.*) Það er ekki til sá maður ég get ekki selt bíl. Þá er ég ekki að tala um bílinn sem maðurinn kom til að kaupa heldur bílinn sem ég ákveð að láta hann kaupa.

GUNNAR: (*hlær.*) Þið kunnið þetta?

FINNUR: Hvað heldurðu, maður? Allar bílasöluræðurnar þínar! Komu í staðinn fyrir Gagn og gaman! Þegar þú varst búinn að fá þér í fótinni runnu þær upp úr þér.

GUNNAR: Maður var ungur. Allt hefur sinn tíma.

FINNUR: (*hermir eftir föður sínum.*) Ég get selt hvað sem er ef það heitir bíll. Gefið mér smá tíma og ég sel hræið, ekki spurning. Þarna kemur maður inn um dyrnar, tvístígur eins og þeir gera, ég skoða manninn, hlusta á hvað hann segir, auðvitað segir hann sparneytinn smábíll – góður kostur, segi ég, en fyrir sama pening næstum geturðu fengið þennan hér, prófað'ann, kostar ekkert að máta'nn – var'ann í lagi? Gott, en líttu fyrst á þennan, 200 hestafla vél, mun betur búinn, sumar og vetrardekk á felgum; og svo auðvitað þessi, hér færðu sjálfskiptingu og rafmagn í öllu ... - Og allt í einu er náunginn búinn að skrifa undir kaupsamning og ekur burt á þrisvar

sinnum dýrari bíl en hann hafði ætlað að kaupa. Það er ekki fyrr en maðurinn leggur bílnum fyrir utan heimili sitt að svitinn brýst út um allan skrokkinn, og skyndilega veit ræfillinn ekki sitt rjúkandi ráð og byrjar að vatna músun. - Daginn eftir kemur hann sollinn og rauðeygður og segir: Ég gerði mistök, gæti ég fengið að hætta við kaupin? En Gunnar Halldórsson spyr á móti: Ertu ekki ánægður með bílinn? Jú, jú, auðvitað er maðurinn ánægður með bílinn. Hann er bara of dýr, þetta var röng ákvörðun ...

GUNNAR: Karlmaður vatnar ekki músun þótt hann taki ranga ákvörðun, karlmaður stendur eða fellur með sinni ákvörðun, karlmaður gerir ákvörðun sína að réttri ákvörðun! Nú ferð þú aftur heim á þínum góða, nýja bíl sem hæfir alvöru karlmanni og býður frúnni í bíltúr og tekur svo duglega í hana á eftir! Þá er þín ákvörðun orðin rétt! (*Hlær.*) Já, maður hélt ágætar ræður í gamla daga.

FINNUR: Og vinirnir í bransanum hlógu sig máttlausa og skáluðu fyrir kónginum. Skál fyrir Gunnari! Djöfull er hann Gunni magnaður! Hann getur selt hvað sem er á fjórum hjólum!

GUNNAR: Já, já, þetta voru tímar. Svo breyttist allt í olíukreppunni. Allt í einu vildu allir sparneytna bíla.

FINNUR: Þeir ríku skíta gulli þegar aumingjarnir drepast úr hor. Í kreppu á maður að flytja inn dýra leðurinnréttada Benza í stað þess að taka þátt í barlóminum.

GUNNAR: Maður reyndi svo sem að vera grand á því '93, flutti inn lúxusjeppa frá Bandaríkjunum og tapaði stórpening. Og nú eru allir skítblankir eftir bankahrun.

FINNUR: Og kóngurinn jarmar með feminista-kerlingunum sem vilja 1000 kúbíksentimetra fimm lítra á hundraðið hrærivélar í klofið á sér. Hefur virkilega ekkert lært? Nú eigum við að selja skilaneftarmönnum lúxusbíla! Þeir eru með 35 þúsund kall á tímann og vinna 20 tíma á sólarhring. Það gerir 700 þúsund kall á sólarhring! Nei, kóngurinn jarmar og selur blanka liðinu

15 ára gamla skjóða fyrir glerbrot.

GUNNAR: Ég hef ekki ráð á því að tapa öllu einu sinni enn.

FINNUR: Það er enginn vandi að tapa, það geta allir tapað.

GUNNAR: Þú ættir að reyna það einu sinni – að þurfa að leita nauðasamninga ... að láta horfa á þig eins og þú sér holdsveikur ... að liggja á hnjúnum í bankanum og biðja um líf ... grátbiðja um líf ... af því að maður á fjölskyldu ... eiginkonu sem er tæpt til heilsunnar, börn í skóla ... ég vona að þú þurfir aldrei að reyna það, Finnur.

FINNUR: Það er nóg af lúserum í heiminum, fólki sem vill láta traðka á sér.

GUNNAR: Ég er ennþá að selja bíla.

FINNUR: Já, skítahrúgurnar sem Brimborg og B&L skammast sín fyrir að hafa í hlaði.

GUNNAR: Ég er kannski enginn sigurvegar, en ég er ekki dauður.

(Síminn hringir.)

GUNNAR: *(tekur símann.)* Lítinn sparneytinn bíl? *(Finnur skellir upp úr.)* Hvað ertu þá að hugsa um? - Yaris? - Já, ég er með góðan Yaris í hlaði. - Nei, bara nokkuð gott útlit. Mætti massa hann ef glansinn er málið. - Yarisinn hefur reynst mjög vel. - Algjörir sparibaukur. Framleiðir bensín. - Já, þú ættir að líta á hann. Ég þarf að sópa af honum snjónum. - Já, þú kemur þá bara og lítur á gripinn. *(Gunnar leggur tólið á; fer í lyklakassann, tekur Yarislykil og hendir í Halldór.)* Viltu setja Yarisinn í gang, Dóri minn, tókum aðeins úr honum hrollinn áður en daman kemur.

HALLDÓR: Ég er hættur.

GUNNAR: Hættur hverju?

HALLDÓR: Hættur að selja bíla. *(Þögn.)* Það eru að koma jól.

GUNNAR: Ég hef selt bíla á Þorláksmessu. Meira segja á aðfangadag. Það var nú reyndar hér á árum áður þegar barist var um hvern bíl sem kom inn á sölurnar. Þegar víxlarnir tíðkuðust í bílaviðskiptum. Maður greip oft fyrir vitin til að kafna ekki úr skítalykt af víxlasúpunni.

FINNUR: *(grípur kústinn.)* Ég skal koma hræinu í gang. Lyklana!

GUNNAR: Taktu með þér heitt vatn í fötu til að bræða upp læsingarnar.

FINNUR: Ég míg bara í þær. *(Hann fer í skrifborðið sitt, opnar skúffu, tekur fram Vodkaflösku. Réttir Halldóri flöskuna.)* Reyndu að afmeyja þessa á meðan, ef þú ert ekki orðinn alveg náttúrulaus.

GUNNAR: Ég vil síður að þið séuð að djúsa hér, strákar mínir, á meðan við erum með opið.

FINNUR: Það kemur ekki kjaftur að kaupa bíl í þessu veðri.

GUNNAR: Ég hef selt bíla í verra veðri en þessu.

FINNUR: *(hermir eftir föður sínum.)* Ég hef selt bíl í norðan stórhrið og gaddi. *(Finnur fer.*

(Halldór tekur flöskuna og opnar hana. Finnur tvö plastglös; hellir í annað. Síminn hringir; Halldór grípur hann.)

HALLDÓR: Bjallan. - Nei, við viljum ekki auglýsa. - Nei, við sjáum það ekki. - Menn fara bara á

netið. - Heyrðiru ekki hvað ég sagði? Ég sagði nei. - Já, blessaður kaupu þá þína bíla annars staðar. (*Skellir á.*)

GUNNAR: Var þetta Bílablaðið?

HALLDÓR: Vitleysingar!

GUNNAR: Það var nú Bílablaðið sem birti stóra viðtalið við mig. Gunnar í Bjöllunni, elsti starfandi bílasali á Íslandi. Það var fín auglýsing.

HALLDÓR: Heldurðu að það sé góð auglýsing að vera *gamall* bílasali?

GUNNAR: Þeim fannst að minnsta kosti ástæða til að hafa viðtal við mig.

HALLDÓR: Það hefur aldrei komið neitt út úr auglýsingum í Bílablaðinu.

GUNNAR: Það er erfitt að meta það. Maður á ekki að styggja fólk, Dóri minn.

HALLDÓR: Er ég alltaf að styggja fólk?

GUNNAR: Þú tekur hlutina of mikið inn á þig. Talaðu nú við Hrafnhildi eftir hátíðar og reyniði að komast að samkomulagi.

HALLDÓR: Samkomulagi um hvað? Að hún hirði af mér allt sem hægt er að hirða?

GUNNAR: Lífið snýst ekki um dauða hluti.

HALLDÓR: Þykist þú allt í einu hafinn yfir dauða hluti?

GUNNAR: Halldór – að missa hús er sárt, en það er samt aukaatriði – eftir á – þegar það er farið er maður undrandi – átti ég húsið eða átti húsið mig?

Þögn.

HALLDÓR: Mamma sagði að við mættum ekki selja bústaðinn. Á meðan við ættum bústaðinn værum við fjölskylda.

GUNNAR: Það hefur allt sinn tíma, Dóri minn.

HALLDÓR: Mamma bað þig um að selja ekki.

GUNNAR: Ég hefði kannski reynt að hanga á bústaðnum, ef ég hefði séð einhvern tilgang í því. Þið hættuð að koma eftir að mamma ykkar dó.

HALLDÓR: Við komum ekki af því þú sagðist vera búinn að taka ákvörðun um að selja!

GUNNAR: Hafðu það eins og þú vilt.

Þögn.

HALLDÓR: Það var oft gaman í bústaðnum.

GUNNAR: Já.

HALLDÓR: Fannst þér líka gaman?

GUNNAR: Já. Auðvitað.

HALLDÓR: Þér fannst allavega gaman að gróðursetja.

GUNNAR: Það var spennandi að fylgjast með birkikræklunum, hvort þær hefðu það af. Ískaldur vindurinn stóð af víkinni allan veturinn. Merkilegt að þetta skyldi tóra. Mér fannst það alltaf jaðra við kraftaverk þegar birkið laufgaðist á vorin.

HALLDÓR: Mig dreymir stundum að ég sé að veiða murtu í víkinni. Það er á í hverju kasti. Finnur er með fjarstýrða hraðbátinn sinn. Vatnið glitrar í sólinni. Við berum heim fulla fötu af fiski. Þú kveikir upp í grillinu og við steikjum murtuna.

GUNNAR: Herramannsmatur.

HALLDÓR: Við borðum murtuna harðbrasaða með salati úr rabbabaráblöðkum. Manstu eftir rabbabaranum? Hann náði okkur í mitti. Risablöðkur. Mamma bjó til salat úr blöðkunum. Sultu úr leggjunum.

GUNNAR: Það þreifst allt hjá henni mömmu þinni.

Þögn.

HALLDÓR: Og þú flaggaðir alltaf. Íslenski fáninn og fjölskyldan, sagðir þú, það er það sem skiptir máli í lífinu. (*Dok.*) Á haustin spiluðum við á spil við kertaljós. Það hvein í skorsteininum þegar rigningarhryðjurnar komu yfir vatnið. Við vorum fjölskylda. (*Þögn.*) Hvar verður þú á aðfangadag?

GUNNAR: Ég verð hér.

HALLDÓR: Þá verð ég líka hér.

Pögn.

GUNNAR: Viltu að ég tali við Hrafnhildi?

HALLDÓR: *(hristir höfuðið. Hellir aftur í plastmálið. Steypir í sig.)* Þú hefur alltaf haldið með Hrafnhildi.

GUNNAR: Ég held ekki með neinum. Hún er móðir barnanna þinna. Þið verðið að reyna að tala saman. Þið hljótið að geta verið til friðs eitt kvöld krakkanna vegna.

HALLDÓR: Þú veist ekki hvað þú ert að tala um. Þú hefur ekki hugmynd um það!

GUNNAR: Kannski ekki.

HALLDÓR: Nei. Þú veist ekkert hvað hefur gengið á!

GUNNAR: Kannski ekki. *(Pögn.)* Ekki sefurðu í þessu hjólhýsi í allan vetur? Af hverju ekki að reyna að leigja íbúð?

HALLDÓR: Fyrir hvaða helvítis peninga? *(Pögn.)* Það er allt í lagi að sofa í hjólhýsinu. Það selst hvort sem er ekki fyrr en í vor.

GUNNAR: Nei, væntanlega ekki.

HALLDÓR: Mér líður ekki vel, pabbi.

GUNNAR: Það er skammdegið, Dóri minn.

HALLDÓR: Skammdegið? Ef það væri bara skammdegið ...

GUNNAR: Það er allir dálítið þungir í skammdeginu. Dóri minn, hvað er að?

(Finnur kemur inn.)

GUNNAR: Fór Yarisinn í gang?

FINNUR: Það fer allt í gang sem ég snerti. Bílar og konur.

Finnur sér að Halldór hefur verið að gráta.

FINNUR: Hvað er að þér? Hættu að vorkenna sjálfum þér! Það nennir enginn að hafa vælandi aumingja í kringum sig.

HALLDÓR: Éttu skít!

GUNNAR: Við verðum að útbúa smurbók í Honduna.

FINNUR: Hér er ein, vandlega útfyllt. Skrifaðu fastanúmerið framan á hana. *(Hellir í glas fyrir Halldór.)* Nú fáum við okkur í glas, bróðir. Og no more væl.

GUNNAR: Áttu ekki von á manninum að líta á Benzinn?

FINNUR: And so what?

GUNNAR: Þú getur ekki verið angandi af áfengi þegar hann kemur. Það spyrst fljótt út ef verið er að djúsa á vinnustað.

FINNUR: I drullu don't care.

GUNNAR: Þú þarft að selja þennan bíl, ertu ekki búinn að binda alla þína peninga í honum?

FINNUR: Ég á nóga andskotans peninga.

GUNNAR: Það var gaman að heyra. Hvaðan koma þeir?

FINNUR: Það rignir yfir mig peningum.

GUNNAR: Það er bara svona. Af hverju ertu þá að basla hér með okkur?

FINNUR: Hvað munduð þið selja marga bíla ef ég hefði ekki vit fyrir ykkur? Kannski tvo á ári. Breska mykjudreifara.

Haflíði kemur í dyrnar.

HAFLIÐI: Það er ekki búið að loka?

GUNNAR: Nei, en það er ekki langt í það. Er eitthvað hægt að hjálpa þér?

HAFLIÐI: Það er kannski lítið vit í því að vera að skoða bíla tveimur dögum fyrir jól.

GUNNAR: Ég hef selt bíla á aðfangadag, skal ég segja þér. Það er eins með bíla og konur – þú veist aldrei hvenær ástin kviknar.

HAFLIÐI: Þið eruð að selja rauða Benz SL-inn þarna inn?

GUNNAR: Ert þú maðurinn sem hringdi?

HAFLIÐI: (*horfir þangað sem bíllinn stendur.*) Þetta er fallegur bíll. SL-350.

GUNNAR: Gullmoli, mundi ég segja. Það er allt í þessum bíl sem þú getur látið þér detta í hug. Nudd í bílstjórasætinu, hvað þá annað.

HAFLIÐI: Og hann er til sölu?

GUNNAR: Það held ég að sé ekki vafamál. Það er alltaf allt til sölu ef rétt er boðið.

HAFLIÐI: Ég sá hann í gærkvöldi – inn um gluggann. Gríðarlega fallegur bíll.

GUNNAR: Þetta er bíll fyrir þá sem kunna að meta eðal-gripi. Þetta er skart-gripur fyrir karlmenn.

HAFLIÐI: Og þið fluttuð hann inn sjálfir?

GUNNAR: Já, það gerðum við. Bjallan, bílasala.

HAFLIÐI: Vélin, hvað er hún stór?

GUNNAR: Þrjúhundruð hestöfl.

HAFLIÐI: Hvað eyðir svona bíll?

GUNNAR: Sá sem kaupir bíl af þessu tagi spyr ekki að slíku. (*Gunnar réttir Hafliða útprent með upplýsingum um bílinn.*)

HAFLIÐI: Og verðið? Maður verður væntanlega að tæma sparibaukinn?

GUNNAR: Vittu hvort þér líkar gripurinn, svo ræðum við verðið. Það er rétta röðin. Farðu einn hring? Er það ekki í lagi, Finnur?

HAFLIÐI: Á hann bílinn?

HAFLIÐI: Finnur finnur bílana fyrir okkur úti í Þýskalandi. Þess vegna heitir hann Finnur.

HAFLIÐI: Má ég láta kíkja á bílinn fyrir mig?

GUNNAR: Endilega, við mælum eindregið með því að kaupendur láti óháðan aðila skoða – það er góð regla. (*Hann réttir Hafliða lyklana.*) Halldór, viltu opna stóru dyrnar á salnum.

Hafliði og Halldór fara.

FINNUR: Hver á að þrifa bílinn þegar hann kemur aftur útsvínaður? Ætlar þú að gera það?

GUNNAR: Ert þú ekki í vinnu hér?

FINNUR: Það verður ekki lengi úr þessu.

GUNNAR: Jæja, hvert ert þú að fara?

FINNUR: Ég get ekki unnið með ykkur.

GUNNAR: Er ekki allt í lagi?

FINNUR: Allt í lagi með mig, jú. En það er ekki allt í lagi með ykkur! Hvernig dettur þér í hug að láta þetta viðrini fara á bíl sem kostar 15 milljónir? Heldurðu virkilega að þessi maður eigi 15 milljónir?

GUNNAR: Kannski hefur hann fengið arf. Hvað veit ég. Það eru peningarnir á borðinu sem tala.

FINNUR: Það eru peningarnir á borðinu sem tala.

GUNNAR: Er það ekki staðreynd? Ef maðurinn á enga peninga er málið dautt. Þá er allavega komin ný ástandsskoðun á bílinn okkur að kostnaðarlausu.

FINNUR: Djöfull ertu vitlaus.

Þögn. Finnur hellir upp á sig.

GUNNAR: Kannski kemur mér það ekkert við, Finnur, en ég er forvitinn – hvar fékkstu pening til þess að kaupa SL-inn?

FINNUR: Ég tók smá-lán.

GUNNAR: Smá-lán? 8 milljón króna smálán?

FINNUR: Er þetta yfirheyrsla?

GUNNAR: Ég vissi ekki að þú hefðir svona mikið lánstraust.

FINNUR: Það er ýmislegt sem þú veist ekki um mig.

GUNNAR: Mig minnti að það væri búið að loka öllum þínum reikningum í bönkunum. Hver lánar þér 8 milljónir án trygginga?

FINNUR: My dad is my best friend. Gott að finna trúnaðartraustið.

GUNNAR: Finnur, við erum samstarfsmenn, við erum feðgar, þú ert sonur minn. Ég spyr í einlægni, hver lánaði þér þessa peninga?

FINNUR: (*æstur.*) Ég þekki fólk sem filar mig öðruvísi en þú, fólk sem treystir því að ég viti hvað ég er að gera!

GUNNAR: Hvaða fólk er það?

FINNUR: Það er fullt af fólki í þessi landi sem á hrúgur af peningum.

GUNNAR: Hvaða fólk er það?

FINNUR: Ég nenni ekki að vera einhver andskotans lúser alla ævi! (*Þögn.*)

GUNNAR: Allt í lagi, þú fékkst lán. 8 milljónir. Það er ekki gefið að þú seljir þennan bíl með hagnaði þegar upp er staðið. Þetta er ekki auðseljanlegur bíll. Þú ert að taka áhættu, þú veist það?

FINNUR: Og hvað með það? Maður verður að reyna eitthvað. (*Dok.*) Ég er að fara að búa með kvenmanni.

GUNNAR: Fyrirgefðu að ég spyr. Hvaða kvenmanni? Hver er sú heppna?

FINNUR: Það kemur í ljós.

GUNNAR: Einhver sem ég kannast við?

(*Ekkert svar. Þögn.*)

GUNNAR: Finnst þér við hæfi að heimsækja Hrafnhildi þegar bróðir þinn er fluttur út?

FINNUR: Hvað er athugavert við það?

GUNNAR: Finnst þér ekkert athugavert við það?

FINNUR: Ég hugsa að Hrafnhildur spyrji hvorki mig né þig leyfis ef hana langar að fá drátt. *(Reynir að snúa öllu upp í grín.)* Hafðu ekki áhyggjur, Hrafnhildur er alls ekki mín týpa.

GUNNAR: Nei, einmitt. Það er nú gott.

FINNUR: En þú skalt ekkert vera að reyna að siða mig? Þú skalt bara láta það vera!

HALLDÓR: *(kemur inn. Honum er kalt.)* Gefðu mér í glas. *(Finnur skenkir í glas.)*

GUNNAR: Jæja, er hann líklegur?

HALLDÓR: Eitthvað bogið við þetta.

GUNNAR: Bogið við hvað?

HALLDÓR: Bara eitthvað skrítið. Furðulegur náungi.

GUNNAR: Tókstu nafnskírteinið?

HALLDÓR: *(Skoðar nafnskírteinið.)* Hafliði B. Jónsson, Kársnesbraut 13, Kópavogi.

GUNNAR: *(flettir upp í símaskrá.)* Mér fannst ég kannast við kauða. Tollari.

Það eru allir pappírar í lagi, Finnur?

FINNUR: Haldiði að ég sé fífl?

HALLDÓR: Heldurðu að hann sé að snuðra?

GUNNAR: Við sjáum til, kannski bara tilviljun.

FINNUR: Kannski var hann að fá arf.

HALLDÓR: Tollari sem lætur sig dreyma um 15 milljón króna bíl?

FINNUR: Ég kæri mig ekkert um að einhver helvítis frík séu að darka á bílnum, er það skilið!
Það er ég sem dila með þennan bíl! Það kostar þrjúhundruðþúsundkall að sprauta stuðara á þessum bíl!

Ung kona birtist í dyrunum.

STEINUNN: Ég hringdi út af Yarisnum.

GUNNAR: Einmitt. Þú hefur kannski séð hann úti á plani. Hann er í gangi, við vildum aðeins hita hann upp fyrir þig.

STEINUNN: Það var fallega hugsað.

GUNNAR: Bara sjálfsagt mál. Viltu prófa bílinn?

STEINUNN: *(gengur inn, sest í sófann, kveikir sér í sígarettu.)*

GUNNAR: *(skoðar tölvuna.)* Hann er á heilsársdekkjum, smurbók, tveir eigendur, aldrei farið út

af malbiki – nánast. (*Gunnar réttir Steinunni útprent.*)

STEINUNN: (*sér jólagjafir Halldórs á gólfinu.*) Ég er líka með jólagjafir – handa þremur bestu vinum mínum.

GUNNAR: Ef þú átt þrjá góða vini ertu ekki illa sett – það get ég sagt þér.

STEINUNN: Ég er ekki *búin* að eignast þá –

GUNNAR: ... nú?

STEINUNN: ... en ég ætla að eignast þá bráðlega.

GUNNAR: Ég skil. (*Brosir.*) Vonandi gengur það vel hjá þér.

STEINUNN: Það vona ég líka. Þá verða þeir bestu vinir mínir.

GUNNAR: Geðug stúlka eins og þú á skilið að eiga góða vini.

STEINUNN: Þetta var fallega sagt.

HALLDÓR: Viltu prófa bílinn? Fara smá hring?

STEINUNN: Vilt þú gera það fyrir mig?

HALLDÓR: Það ert þú sem ætlar að kaupa bílinn, ekki ég.

STEINUNN: Ég veit, en ég treysti þér mjög vel.

HALLDÓR: Ókei, ekkert mál. Viltu kannski sitja í?

STEINUNN: Nei, ég treysti þér alveg.

FINNUR: Þið náðið greinilega mjög vel saman.

STEINUNN: (*Við Gunnar.*) Hann er sonur þinn líka. Ég sé það.

GUNNAR: Já, þeir eru báðir synir mínir.

STEINUNN: Og bílasalar eins og þú?

GUNNAR: Já.

STEINUNN: Er gaman að selja bíla?

GUNNAR: Gaman? Ég veit það nú ekki. En einhver verður að selja bílana, ekki satt?

STEINUNN: Til þess að gleðja fólk?

GUNNAR: Já, já. Meðal annars til þess að gleðja fólk.

FINNUR: (*skellir uppúr.*) Geimvera. Nýlent!

HALLDÓR: Ertu viss um að þú viljir ekki koma og prófa bílinn?

STEINUNN: Kannski seinna. (*Hún tekur upp umslag og veifar umtalsverðri peningaupphæð.*) Ég á alveg fyrir bílnum. Kannski prófa ég hann á morgun. (*Réttir Gunnari umslagið með peningunum.*) Viltu geyma þetta fyrir mig?

GUNNAR: Treystirðu mér?

STEINUNN: Auðvitað.

GUNNAR: Ég legg þetta í peningaskápinn. Og þú færð auðvitað kvittun. (*Hann fer inn á skrifstofu sína.*)

FINNUR: Kexruglað lið. (*Tekur lyklana af Halldóri og fer út til þess að drepa á bilnum.*)

STEINUNN: (*Við Halldór.*) Konan þín heitir Hrafnhildur.

HALLDÓR: Já. Hvað með það?

STEINUNN: Hún er gulbrún á litinn eins og bróðir þinn.

HALLDÓR: Hvar kynntist þú konunni minni – ef ég má spyrja?

STEINUNN: Á kaffihúsi. Hún sagði að þið væru að skilja.

GUNNAR: (*kemur fram með kvittanahefti.*) Þú skalt ekki vera að flagga þessum peningum vina mín. Það er til allskonar fólk ...

STEINUNN: Ég veit. (*Við Halldór.*) Hún hjálpaði mér að leysa út vinninginn.

HALLDÓR: Konan mín?

STEINUNN: Já.

GUNNAR: Hvaða vinning?

STEINUNN: Skafmiðann.

HALLDÓR: Skafmiða?

STEINUNN: Ein milljón.

Finnur kemur inn, hendir lyklunum á borðið hjá Gunnari.

FINNUR: Ætlar helvítis maðurinn ekki að skila bílnum?

Gunnar kemur aftur fram – hann réttir Steinunni kvittun fyrir peningunum.

GUNNAR: Kvittun. Ein milljón, geymd hjá Bílasölunni Bjöllunni.

STEINUNN: Eruði ekki svangir? Ég býð upp á pitsu! Hvað viljiði hafa ofaná? Finnur, hvað vilt þú?

FINNUR: Hvernig veist þú að ég heiti Finnur?

STEINUNN: Hrafnhildur sagði mér það. Guli bróðirinn, sagði hún, þessi með gullkeðjurnar, hann heitir Finnur. Hvað vilt þú hafa ofaná?

FINNUR: Halltu þér saman og drullaðu þér út!

GUNNAR: Svona talar maður ekki við viðskiptavini, Finnur.

STEINUNN: Ekki þá sem eiga peninga.

GUNNAR: Alveg laukrétt, vina mín.

STEINUNN: Þeir sem eiga pening geta leyft sér að staldra við og spjalla. Spjalla og spjalla, alveg endalaust.

GUNNAR: (*hlær.*) Mikið rétt. Fólk sem á peninga fær yfirleitt hlýlegar viðtökur.

STEINUNN: Þú ert Halldór, þú ert Finnur og þú ert Gunnar, elsti starfandi bílasali í Reykjavík.

GUNNAR: Á Íslandi, væna mín!

FINNUR: Fékkstu gemsanúmer hjá náunganum?

HALLDÓR: (*hristir höfuðið.*) Kannski er hann að rífa SL-inn í parta til að selja til Póllands.

FINNUR: Börnin þín mundu ekki einu sinni hlæja að þessum brandara.

STEINUNN: Gunnar 10 ára, Sigríður 8 ára, ekki satt? (*Halldór kinkar kalli.*)

FINNUR: (*horfir út um gluggann.*) Ég kála þessu fifli ef það verður svo mikið sem ein rispa á bílnum.

STEINUNN: Bílar eru bara dauðir hlutir.

FINNUR: Djöfulinn ert þú að flækjast hér? Drullaðu þér út!

STEINUNN: Óþarfi að reiðast. Ég sagði bara að bílar væru dauðir hlutir.

FINNUR: Já, og sagði drullaðu þér burt!

STEINUNN: Nei, þú sagði út, drullaður þér út.

GUNNAR: Mér heyrir hann vera að koma. Farðu og talaðu við hann, Finnur.

FINNUR: (*litur út um gluggann.*) Nei, þetta er einhver hottentotti á japönskum smábíl. Ég skil ekki hvernig menn geta látið sjá sig á þessum andskotans nádollum.

HALLDÓR: (*Við Steinunni.*) Þú færð Yrisinn á fjögur hundruð. Af því að það ert þú.

STEINUNN: Ég er ekki með bílpróf.

GUNNAR: Nú? Hvað hefurðu þá við bíl að gera, vina mín?

STEINUNN: Mig langaði bara að hitta ykkur.

GUNNAR: Okkur?

STEINUNN: Já, bílasalana.

FINNUR: Nú ertu búin að hitta okkur. Farðu heim til þín!

GUNNAR: (*Við Finn.*) Viltu að ég hringi í lögregluna?

STEINUNN: Út af mér?

GUNNAR: Nei, nei, út af bíl sem ekki skilar sér.

STEINUNN: Ég skal kaupa bílinn ef það er einhver lausn.

FINNUR: Haltu kjafti og drullaðu þér út! Út með þig, klikkhaus!

STEINUNN: (*fer að gráta.*)

GUNNAR: Svona vina mín, hann meinar ekkert illt ... (*Steinunn hleypur út. Gunnar við Finn.*)

Af hverju læturðu svona við stúlkuna?

FINNUR: Klikkhaus! Andskotar klikkhausar allt saman!

MYRKUR

2. ÞÁTTUR

Seinna sama dag. Finnur talar í símann.

FINNUR:- Nei, það er ekkert listaverð í gangi, það er bara gutfilingurinn. - Hvað ertu tilbúinn að borga á milli? - Jú, jú, það er hægt að setja allan andskotann á bréf. - Þá er það bara papermoney honey on the table. - Já, seðlar lykta öðruvísi. - Money on the table er tungumál sem allir skilja. - Ókei, við skoðum málið.

HALLDÓR: Er það 318 Bimminn?

FINNUR: Já.

HALLDÓR: Hver er eigandinn?

FINNUR: Hver er eigandinn? Skiptir það máli?

HALLDÓR: Einhver sem þú þekkir?

FINNUR: Breytir það einhverju?

HALLDÓR: Ég skrapp á honum í gær. Það er leiðindahljóð í gírkassanum.

FINNUR: Þú hefur bara verið að reka við.

GUNNAR: Láttu kaupanda fara með hann í ástandsskoðun. Þá verður okkur ekki kennt um neitt.

FINNUR: Það er öllum heimilt að fara með bílana í ástandsskoðun.

GUNNAR: Ég kæri mig ekki um að taka þátt í einhverri vitleysu. Annars fáum við allt í hausinn.

FINNUR: Það er ég sem er að selja þennan bíl! Ef kaupandinn vill fara með bílinn í ástandsskoðun þá gerir hann það! Þið skulið báðir grjóthalda kjafti um þetta mál!

STEINUNN: *(kemur inn með þrjár stórar pitsur og kóklösku.)*

FINNUR: Ertu að grínast? Hvað viltu núna?

STEINUNN: Gjörði svo vel.

GUNNAR: Ég er reyndar ekki mikið fyrir pitsur. En þakka þér samt fyrir, vina mín.

STEINUNN: Viltu skinku eða nautahakk?

GUNNAR: Kannski eina sneið með nautahakki.

Síminn hringir; Halldór tekur símann.

HALLDÓR: -Já, já, já, einmitt. -Ég skil. - Ég skil. Cherokee Limited... á ég þá ekki bara að skrá hann.

FINNUR: Cherokee, fucking óseljanlegt drasl. Segðu manninum að troð'onum upp í rassgatið á sér!

(Halldór skáir í tölvuna, étur pitsu og drekkur kók um leið og hann talar í síma og skráir.) Já, þú ert með árgerð ... '96 - já, - 5 lítra vélin ... þeir eru þyngstir í sölu ... - Já, ég veit, það er eina rétta vélin í þessa bíla, en hún er samt ansi þyrst ...

FINNUR: *(hefur virt Steinunni fyrir sér um hríð.)* Hvað heitirðu?

HALLDÓR: - Já, þú mundir vilja skipti – helst eitthvað annað en Cherokee? – Það gæti orðið dálítið snúið. – Já, ég veit, þetta eru finir bíla – en ... - Já, einmitt, já ...

STEINUNN: Steinunn.

HALLDÓR: Svartur. Ekinn? 150.000 kílómetra? Ókei, mílur.

FINNUR: Mér finnst ég hafa séð þig einhvers staðar áður?

STEINUNN: Við erum allar eins þessar smápíkur.

FINNUR: You're fucking right. Þið eruð allar eins.

HALLDÓR: - Smurbók? - Já, fólk spyr eftir slíku. - Fluttur inn nýr? - Notaður? - Það var nú

verra. - Þetta er ekki bíl sem hefur lent í flóði? – Jú, ég veit, þeir geta verið í góðu lagi ...

STEINUNN: Þú ert meira fyrir þroskaðar konur.

HALLDÓR: - Það selst allt að lokum... - Já, já ... þeir eru dálítið þungir ...

FINNUR: (*rifjast upp fyrir honum.*) Café Reykjavík! Helltir úr glasinu mínu á gólfíð!

STEINUNN: Mér fannst þú búinn að drekka alveg nóg.

FINNUR: Hvern djöfullinn ertu að skipta þér af því sem þér kemur ekki við!

HALLDÓR: -Jú, jú, milligjöfin getur verið á bréfi. - Segjum það, ég er búinn að skrá'ann. – Við förum bara að vinna í þessu. - Þú ert að fara úr landi – einmitt ... - Nei, þú skilur hann þá bara eftir á planinu. Setur lyklana inn um bréfarifuna. - Já, við heyrumst.

FINNUR: (*órólegur við gluggann.*) Cherokee, ónýtt rusl.

GUNNAR: Hann hefur kannski farið með bílinn í ástandsskoðun.

FINNUR: Það átti aldrei að hleypa þessum froski burt á bílnum!

GUNNAR: Það er ekki hægt að meina mönnum að reynsluaka bílum sem þeir hafa áhuga á.

FINNUR: Jú, þegar það liggur fucking í augum uppi að þeir kaupi aldrei neinn andskotans bíl!

GUNNAR: Það var ekkert bogið við þennan innflutning, Finnur?

(*Finnur rýkur í skrifaborðið sitt, dregur upp vöndul af pappírnum og fleygir þeim á borðið hjá*

Gunnari.)

GUNNAR: Allt í lagi, Finnur minn, ég spurði bara. Af því að maðurinn er tollari.

STEINUNN: Vill einhver meiri pitsu? (*Gunnar fær aðra sneið.*)

FINNUR: Ertu af Kleppi eða Geðdeildinni ?

STEINUNN: Hvort væri betra?

FINNUR: Mér er drullu-sama. Ef ég réði einhverju hér væri ég búinn að henda þér öfugri út.

STEINUNN: Bílasalar henda ekki út fólki sem er með peninga í vösunum.

GUNNAR: Nei. Það gerum við ekki.

STEINUNN: Ekki einu sinni þótt það komi beint af Kleppi?

GUNNAR: Nei. Ekki ef það er með peninga í vösunum.

FINNUR: Þið ættuð öll að fara í sama gúmmíklefann!

STEINUNN: Má ég skreppa á klósettið?

GUNNAR: Dyrnar eru þarna.

Steinunn hverfur inn um dyrnar.

HALLDÓR: Haldiði að þetta sé rétt með skafmiðann? Hvað eru hæstu vinningar á skafmiða?

FINNUR: Sérðu ekki að þetta er dópisti! Hún hefur stolið þessum peningum.

GUNNAR: Stolið þeim hvar?

FINNUR: Þetta lið stelur öllu steini léttara. Hvað haldiði að hún sé að gera inni á klósetti?

GUNNAR: Hvað er hún að gera inni á klósetti?

FINNUR: Þetta er fucking dópisti! Gekk að borðinu mínu um daginn á Café Reykjavík og hellti úr glasinu mínu á gólfíð. Kexrugluð!

Gunnar rís á fætur, gengur hikandi að dyrunum. Hlerar við dyrnar. Gengur aftur frá dyrunum.

GUNNAR: Hvað eigum við að gera?

FINNUR: Ekki neitt.

GUNNAR: Ekki neitt? Heldurðu virkilega ...

FINNUR: Þú er blindur.

GUNNAR: ... að hún sé að sprauta sig þarna inni? Ekki sér maður það á henni?

FINNUR: Ég var að segja þér það – þú ert staurblindur!

Halldór stendur við gluggann.

HALLDÓR: SL-inn er að koma. Hann er allur í klessu.

Finnur stekkur að glugganum.

FINNUR: Djöfull ertu fyndinn!

HALLDÓR: Sýndu úr hverju þú ert gerður, Tarzan! Negldu manninn!

FINNUR: Farðu í rassgat! (*Hann fer út.*)

GUNNAR: Halldór... Ég ætlaði að vera búinn að segja þér frá því.

HALLDÓR: Hverju? Að þetta lagist allt með vorinu?

GUNNAR: Ég er búinn að fá tilboð í söluna. Það er ekki alveg ljóst ... hvort ... hvort við fylgjum með ... sem starfsmenn, á ég við.

HALLDÓR: ... sem starfsmenn?

GUNNAR: Við gætum auðvitað reynt að þrauka eitthvað áfram. En þetta er bara orðið svo erfitt. Eins og þú veist sjálfur.

HALLDÓR: Hinn stolti, frjálsi bílasali fær tilboð sem hann getur ekki neitað.

GUNNAR: Allt hefur sinn tíma.

HALLDÓR: Er það bílaumboð?

GUNNAR: Já, það er umboð. Þeir vilja selja uppítökubíla undir nafni Bjöllunnar.

HALLDÓR: Og ertu búinn að svara þeim?

GUNNAR: Já og nei. Kannski fær maður að hanga hér á meðan heilsan leyfir.

HALLDÓR: Það á sem sé að henda okkur bræðrum út?

GUNNAR: Það hefur ekki verið rætt ennþá. Ég vildi bara segja þér þetta, svo þú gætir verið við öllu búinn.

HALLDÓR: Við öllu búinn?

GUNNAR: Svo þú gætir hugsað málið.

HALLDÓR: Hvað með Finn, veit hann þetta?

GUNNAR: Finnur bjargar sér, ég hef engar áhyggjur af honum. Þú ert auðvitað í annarri stöðu með konu og börn á þínu framfæri. Þess vegna vildi ég tala um þetta við þig. Ég er ekki búinn að skrifa undir neitt. Ég vildi bara láta þig vita.

HALLDÓR: (*gengur að klósettdyrnum. Bankar.*) Halló, er allt í lagi með þig? (*Þögn.*) Er allt í lagi? (*Dyrnar opnast, Steinunn kemur í dyrnar.*) Allt í lagi með þig?

STEINUNN: Ég veit hvað þið eruð að pæla; hvar fékk hún þessa peninga? Ég vann þá á skafmiða. Spurðu konuna þína. (*Halldór grípur í handlegg Steinunnar; hún reynir að rífa sig lausa, en hann heldur fast.*) Hún sagði að þú værir lemjari.

HALLDÓR: (*sleppir Steinunni.*) Ég er ekki lemjari.

STEINUNN: Hún sagði að þú hefðir hent sér niður stiga?

HALLDÓR: Hún datt niður stiga dauðadrukkin.

STEINUNN: Þykir þér vænt um hana?

GUNNAR: (*gengur að Steinunni.*) Hvar varstu að gera inni á klósettinu?

STEINUNN: Ég var að skíta! Farðu inn á klósettið! Finndu lyktina.

GUNNAR: Þú skalt fara heim til þín. Við erum að loka. Komdu aftur á morgun.

Síminn hringir. Gunnar svarar.

GUNNAR: Bílasalan Bjallan. - Jú, við eigum einn Landrover. - Nei, ekki vökvastýri, það er þetta sem þeir kalla stýri með hjálparátaki. Ég veit ekki hver fjandinn það er! - Það er ryð í öllum Landroverum. Nei ekki mikið. Skellur. Ekkert mál að bletta í þær.

Haflíði kemur inn. Hann er hinn rólegasti. Fær sér kaffi í plastmál og kandíssykur með.

HALLDÓR: Jæja, hvernig lýst þér á?

HAFLIÐI: Það er ýmislegt á sig leggjandi fyrir svona bíl.

GUNNAR: (*í símann.*) - Þú veist af honum. - Ekkert mál. (*Leggur á.*)

GUNNAR: Þér lýst vel á vagninn?

HAFLIÐI: Já, mér lýst ágætlega á hann.

GUNNAR: Eins og ég segi alltaf: Til þess eru freistingarnar að falla fyrir þeim.

HAFLIÐI: Hvernig hljóma 5 milljónir á bréfi til fimm ára?

GUNNAR: Þú ert að gera að gamni þínu, vona ég.

HAFLIÐI: Ég nefndi þessa tölu við son þinn. Hann sagði allavega ekki nei.

GUNNAR: Það hlýtur að vera einhver misskilningur. Við erum ekki að flytja inn bíla til þess að tapa peningum.

HAFLIÐI: (*Finnur kemur í dyrnar. Hafliði við Finn.*) Við faðir þinn erum að reyna að finna rétta verðið á bílinn. Kannski óþarfi að fréttir af því fari um alla borgina. (*Finnur tekur Steinunni og leiðir hana til dyra. Lokar á eftir henni.*)

GUNNAR: (*við Finn.*) Hvað voruð þið tveir að ræða? Er einhver misskilningur á ferðinni, Finnur?

HAFLIÐI: (*tekur lítinn plastböggul með dufti upp úr vasanum og sýnir Gunnari.*) Ég get látið þetta hverfa, en ég get líka látið það verða afar sýnilegt.

GUNNAR: Ég skil ekki hvað þú ert að fara.

HAFLIÐI: Þú veist hvað þetta er?

GUNNAR: Nei.

HALLDÓR: Það er kókaín, pabbi.

GUNNAR: Og hvaðan kemur það?

HAFLIÐI: Úr bílnum. Benz SL-350.

GUNNAR: Nú, og hvernig lenti þetta þar? (*Andlit Steinunnar á glugganum. Gunnar sér hana.*)

HAFLIÐI: Ég vinn á Tollinum eins og þið eruð áreiðanlega búnir að uppgötva. Maður grannskoðar ósjálfrátt áberandi bíla eins og þennan. Ég hefði komið þessu fyrir í Toyotu. Rauður Benz sportbíl, þá byrjar maður fyrst að skoða. En eins og ég segi, ég er í aðstöðu til þess að gera ykkur stóran greiða. Ég fer ekki einu sinni fram á að fá ókeypis þakklætisvott, ég býðst til þess að kaupa bílinn. Fimm milljónir á bréfi vaxtalaust. Þið fáið ekki betra tilboð. Í ykkar sporum mundi ég stökkva á það.

GUNNAR: Komdu þér út!

Halldór: Pabbi, engin læti!

GUNNAR: Komdu þér út eða ég læt lögregluna hirða þig!

HAFLIÐI: Í þínum sporum mundi ég ekki blanda lögreglunni í málið – þar er enginn sammingsvilji.

Þið sofið á þessu.

Haflíði fer. Finnur hellir vodka í plastglas.

GUNNAR: Ég skil þetta ekki, Finnur... Hvað þýðir þetta?

(Þögn.)

HALLDÓR: Átján mánaða fangelsi, náðaður eftir sex. Kannski lendum við allir inn.

FINNUR: Skiptið ykkur ekki af þessu. Þetta er mitt mál.

HALLDÓR: Þú losnar aldrei við þennan gaur. Ekki einu sinni þótt látir hann fá bílinn ókeypis. Hann hefur tak á þér.

Gunnar hristir höfuðið í uppgjöf. Hann fer inn á einkaskrifstofu sína og lokar að sér.

STEINUNN: *(kemur inn.)*

FINNUR: Út með þig! Fuck off!

HALLDÓR: Af hverju gerðirðu þetta?

FINNUR: Þú skilur það ekki?

HALLDÓR: Nei.

FINNUR: Sama heybrókin og karlinn. Dóri minn, heilsaðu pabba með faðmlagi þegar hann kemur þreyttur heim af bílasölunni. Ætlaðu ekki að verða bílasali eins og pabbi þegar þú er orðinn stór?

HALLDÓR: Þú hefur aldrei þolað að við pabbi værum vinir.

FINNUR: Dóri minn, Dóri minn, vantar þig ekki hreinar nærbuxur? Hvernig gengur hjá ykkur Hrafnhildi? Er hún ekki góð við þig, Dóri minn? Ég hef aldrei þolað þennan mann!

HALLDÓR: Snýst þetta um hann? Snýst þetta ekki um þig?

FINNUR: (*hermir eftir föður sínum.*) Ég fór létt með'ann - sett'ann bara niður hjá mér og sagð 'onum að kaupa, það mætti alltaf láta sér detta í hug leiðir til að borga – ég rétti honum lykilinn og sagði: Ég get selt þér hvað sem er á fjórum hjólum, vinur minn, en ég vil að þú farir héðan stoltur maður á góðum bíl. Gunnsi í Bjöllunni! sögu menn. Gunnsi í Bjöllunni, hann getur selt sand í Sahara! Svo var hann alltaf með allt niðrum sig! Við fluttum úr einni íbúðinni í aðra! Allt veðsett til andskotans. Hvað gengum við í marga skóla? Honum tókst að koma mömmu í gröfina með þessu andskotans bullshitti sínu!

HALLDÓR: Nú skaltu gæta tungu þinnar!

FINNUR: Heldurðu að fólk fái krabbamein uppúr þurru? Hún var búin að fá nóg! Fá nóg af því að búa með þessari helvítis goðsögn! (*Finnur sparkar í sófann og rífur niður lykklabrettið.*)

HALLDÓR: Finnur, viltu slaka á! Róaðu þig!

GUNNAR: (*kemur í dyrnar á skrifstofu sinni. Hann er í náttfötum.*) Viljiði slökkva frammi og læsa. Hvað gengur á hér?

HALLDÓR: Þetta verður allt í lagi pabbi.

GUNNAR: (*Við Finn.*) Ég hélt að þú værir skynsami maðurinn í fjölskyldunni.

FINNUR: Af hverju hélstu það?

GUNNAR: Þú gast lært. Þú hefðir getað orðið hvað sem er ... heiðarlegur maður ...

FINNUR: Heiðarlegur maður! Hvað er það? Ert þú heiðarlegur maður?

GUNNAR: Ég hef ekki verið dæmdur fyrir að brjóta lög.

Gunnar fer inn til sín.

FINNUR: Hvað hef ég gert honum, geturðu sagt mér það?

HALLDÓR: Hann er bara orðinn ... lúinn, Finnur ... honum þykir vænt um þig.

FINNUR: Vænt um mig?

HALLDÓR: Já. Hann hefur mikið álit á þér. Þú ert góður sölumaður, það vita allir, besti bílasalinn af okkur.

FINNUR: Besti bílasalinn! Come on! Langaði mig til þess að verða bílasali? Nei, mig langaði fucking hell aldrei til þess að verða bílasali! (*Þögn.*) Þið eruð góðir saman! Þið eruð andskoti góðir saman!

HALLDÓR: Við skulum fara að sofa.

FINNUR: Í hjólhýsi! Fucking joke!

HALLDÓR: Komdu. Ég á smá gras úti.

(Þeir fara í hjólhýsið.)

MYRKUR

3. ÞÁTTUR

Síðla kvölds sama dag.

GUNNAR situr við skrifborðið og skoðar pappíra. Það er bankað á rúðuna. Gunnari rís á fætur og hleypir Steinunni inn. Hún er blaut og hrakin.

GUNNAR: Komdu inn, komdu inn!

STEINUNN: Hvar eru strákarinnir?

GUNNAR: Í hjólhýsinu. Þú ert rennblaut.

STEINUNN: Mér er bara þínu kalt. Það er allt í lagi.

GUNNAR: Þú átt ekki að vera að flækjast úti í svona veðri. Það er komin nótt, hvað ertu að hugsa, barn. *(Hann réttir Steinunni handklæði.)*

STEINUNN: Ég er að hugsa um að kaupa Yarisinn.

GUNNAR: Hvað hefurðu að gera við bíl ef þú ert ekki með bílpróf?

STEINUNN: Kannski tek ég bílpróf.

GUNNAR: Þá færðu Yarisinn á tvö hundruð þúsund.

STEINUNN: Gengur illa að selja?

GUNNAR: Desember er alltaf þungur. Ég þarf að losna við eitthvað af þessu dóti.

STEINUNN: Ég hef ekkert vita á peningum.

GUNNAR: Þú hafðir vit á því að kaupa rétta skafmiðann.

STEINUNN: Það var tilviljun. Ég keypti miðann í sjoppu. Lífið er skrítið.

GUNNAR: Það má nú segja. Enginn ræður sínum næturstað. Allt er fengið að láni.

STEINUNN: Maður á minningar.

GUNNAR: Jú, ætli það ekki. Svo þurrkast þær út líka. (*Dok.*) Ég er ekki beint uppörvandi. Þú getur lagt þig í sófann, ef þú vilt.

STEINUNN: Ég kæri mig ekki um að sofa!

GUNNAR: Eins og þú vilt. En nú ætla ég að sofa.

Hann fer inn til sín að sofa. Steinunn hringar sig undir teppi í sófanum. Finnur kemur í dyrnar; hann er í náttfötum.

FINNUR: Átt þú ekki að vera annars staðar?

STEINUNN: Þú ert of gulur.

FINNUR: Er ég of gulur?

STEINUNN: World Class milli 8 og 9.30. 115 kíló í bekkpressu. Tvær dósir af Magic eftir sturtuna.

FINNUR: Ég á ekki fucking orð! Ertu að njósna um mig?

STEINUNN: Hringur í hægri geirvörtu. Tattú: stór krabbi á bakinu.

FINNUR: Ókei, ókei. Vertu bara eins klikkuð og þú vilt. En ef þú segir aftur að ég sé gulur sný ég þig úr hálsliðnum!

STEINUNN: Ég hringdi í Hafliða og sagði honum að koma.

FINNUR: Þú ert fucking crazy! Til hvers hringdir þú Hafliða?

STEINUNN: Ég sagði að hann gæti fengið díl.

FINNUR: Kærar þakkir, you're a darling. Ég trúi þessu ekki! Hringdirðu í mannhelvítið, ég trúi þessu ekki?

STEINUNN: Vertu rólegur. Við stöndum saman. Fjölskyldan stendur saman.

Það er barið á rúðuna. Það er Hrafnhildur. Finnur hleypir henni inn. Hrafnhildur er greinilega ölvuð.

HRAFNHILDUR: Mér er alveg sama í hvaða skít þið eruð, það kemur mér ekki við. Ég er búin að fá upp í kok af ykkur!

FINNUR: Farðu heim að sofa Hrafnhildur. Þú ert full.

HRAFNHILDUR: Það er ágætt að ríða mér og lofa öllu fögru og klúðra svo öllu saman!

Halldór kemur úr sýningarsalnum.

HRAFNHILDUR: Stelpan hringdi í mig og sagði mér alla söguna. Smygla kókaíni í varadekki.

Þið eruð ekki alveg normal asnar. Það ætti að loka ykkur inni á hæli. Svona djöfuls lúsera!

HALLDÓR: Ég kom ekki nálægt þessu.

HRAFNHILDUR: Nei, þú kemur aldrei nálægt neinu. Góði gæinn. Bara lemur eiginkonuna og svoleiðis. Allir sömu aumingjarnir og hálfvitarnir.

STEINUNN: Mér finnst að þú eigir ekki að tala svona, Hrafnhildur. Þeir eru ekki aumingjar og hálfvitar.

HRAFNHILDUR: Eina lausnin er sú að þeir hengi sig, allir þrír!

FINNUR: Þú ert blóðsuga sem alltaf hefur lifað á öðru fólki.

HRAFNHILDUR: (*hellir í glas úr vodkaflöskunni.*) Ég hélt það væri smá vit í hausnum á þér. Svo ertu ekkert nema tittlingurinn.

STEINUNN: Þú ættir ekki drekka meira. Við skulum frekar ræða málin og finna lausn.

HRAFNHILDUR: Það hlýtur að mega segja sannleikann! Hvar er þessi andskotans Hafliði?

STEINUNN: Hann vill taka bílinn fyrir fimm milljónir og gleyma þessu?

FINNUR: (*við Steinunni.*) Ert þú orðin einhvern helvítis æjatolli hér, hvað ert þú að skipta þér af þessu?

HRAFNHILDUR: Allir jafn vitlausir. Segiði eitthvað af viti!

HALLDÓR: Ókei. Hver vill sitja inni á Hrauninu í nokkur ár?

HRAFNHILDUR: Alltaf jafn ógeðslega hugmyndaríkur.

HALLDÓR: Þú ert auðvitað með brílljant hugmynd?

HRAFNHILDUR: Hvað er þetta djönk mikils virði? Þú veist það auðvitað ekki frekar en annað.

STEINUNN: Þrjátíu millur á götuna.

HRAFNHILDUR: Ætliði að láta ræna af ykkur þrjátíu milljónum? Djöfulsins klikkhausar getiði verið!

HALLDÓR: Fallegur glampi í augun á þér.

HRAFNHILDUR: Ætliði bara að sitja hér og láta einhvern tollaradjöful ræna ykkur?

STEINUNN: Hvað vilt þú gera?

HRAFNHILDUR: Var ég að flytja inn fullan bíl af dópi? Af hverju ætti ég að gera eitthvað?

HALLDÓR: Hún vill bara peninga. Peninga. Peninga. Peniga. Hvað ertu búin að láta taka frá fyrir þig föt í mörgum verslunum? Hvað ferðu í marga nudd- og slökunar- og sólbrunkutíma á mánuði? Hvað ætlarðu að hanga full í margar vikur á Benedorm í ár?

HRAFNHILDUR: Viltu ekki bara senda mig til Síberíu í nauðungarvinnu? Þú sérð auðvitað um krakkana á meðan, keyrir þau í skóla og fylgir þeim í tónlistartíma og sund og myndlistarskóla og kaupir á þau föt og ferð með þau til læknis?

HALLDÓR: Það er nú einmitt það sem ég er að gera alla daga!

HRAFNHILDUR: Já, þú hefur auðvitað séð um heimilið!

HALLDÓR: Ekki hefur þú gert það.

HRAFNHILDUR: Þú ert geðbilaður! Eins og allir karlmenn. Snarruglaðir allir með tölu.

HALLDÓR: Þú ert ekki rugluð?

FINNUR: Shut up for Christ shake!

HALLDÓR: Þessi kona hefur ekki vaskað upp í tíu ár!

HRAFNHILDUR: Ókei, ég hendi skítugu leirtauinu bara beint í öskutunnuna!

HALLDÓR: Hún lætur leirtauið hrúgast upp í vaskinum þar til einhver *annar* tekur æði og vaskar upp.

HRAFNHILDUR: Maðurinn er ruglaður! Hann hefur ekki tekið eftir því að það er búin að vera uppþvottavél heima hjá honum í 10 ár.

HALLDÓR: Og helmingurinn af fötunum í skápunum er ennþá með verðmiðunum vegna þess hún kemst ekki yfir það að fara í allt sem hún kaupir. Og hún lætur skrá sig sem öryrkja af því hún varð gul í augunum fyrir tíu árum þegar hún sofnaði í ljósabekk!

FINNUR: Djöfull eruði djöfull bloody leiðinleg.

HRAFNHILDUR: Ég er með ónýtan ristil. Hann þolir það ekki. Hann þolir ekki að ég fái fáeinar skitnar krónur úr tryggingunum. Það eru mínir peningar, skal ég segja þér, vegna míns

heilsuleysis!

Gunnar kemur inn.

HRAFNHILDUR: (*bendir á Steinunni.*) Og hvað er þessi manneskja að gera hér? Hún er alls staðar. Af hverju er hún hér?

GUNNAR: Hún ætlar að kaupa Yaris.

HRAFNHILDUR: Hún var á Slysavarðstofunni! Hún var í bankanum! Hún var í 10-11! Og nú er hún hér! Hvaða djöfuls stalker er þetta?

HALLDÓR: Ertu líka orðin ofsóknarbrjáluð.

HRAFNHILDUR: Af hverju létuði hana hringja í mig?

GUNNAR: Hún hefur hringt af eigin hvötum.

HRAFNHILDUR: Af eigin hvötum? Hvaða helvítis hvatir eru það?

HALLDÓR: Hvað dettur þér helst í hug?

HRAFNHILDUR: Maður veit með hverju karlmenn hugsa. Örugglega ekki því sem er í hausnum á þeim.

FINNUR: Viltu gjöra svo vel að láta flöskuna í friði!

GUNNAR: Já, ég held það líka Hrafnhildur. Við ættum öll að fara að sofa.

STEINUNN: Maðurinn er á leiðinni. Hann vill semja.

FINNUR: Þetta kemur þér ekkert við!

STEINUNN: Ein fyrir alla, allir fyrir einn.

FINNUR: Gætirðu hugsað þér að halda kjaftri? Þú ert geðbiluð, veistu það?

(Það er barið á útidyrnar á sýningarsalnum.)

STEINUNN: Ég sagði honum að banka á dyrnar á sýningarsalnum.

GUNNAR: Við skulum ræða æsingalaust við manninn. Kannski vill hann okkur ekkert illt.

FINNUR: Já, leggstu á hnén eins og þú ert vanur og grárbændu um miskun!

HALLDÓR: Af hverju ferðu ekki sjálfur og opnar fyrir manninum.

HRAFNHILDUR: Hann er ekkert nema tittlingurinn. Ætlar að græða einhverja gomu af peningum, en klúðrar svo öllu – eins og alltaf.

STEINUNN: Ég skal opna fyrir honum! *(Hún stekkur af stað.)*

FINNUR: Fucking kvenfólk.

HALLDÓR: Þú skalt láta Hrafnhildi í friði, Finnur, er það skilið?

HRAFNHILDUR: Viltu gjöra svo vel að ræða ekki um mig eins og ég sé ekki hérna, ég er ekki þræll sem hægt er að kaupa og selja!

FINNUR: Þetta er hóra sem þú ert giftur, maður!

HALLDÓR: Viltu taka þessu orð aftur!

FINNUR: Þú ert þræll, maður, skilurðu það ekki, þú ert fucking þræll!

GUNNAR: Nei, nú segi ég stopp! Ég vil að þið hagið ykkur eins og fólk!

FINNUR: Passaðu þig sjálfur að fá ekki fucking hjartaáfall!

STEINUNN: *(kemur í dyrnar. Hún heldur á rafbyssu.)* Viljið hjálpa mér að drösla honum inn. Hann er dáldið þungur!

MYRKUR

4. ÞÁTTUR

Nótt. Hrafnhildur skenkir í þrjú plastglös og réttir bræðrunum tvö. Þau drekka.

FINNUR: Andskotans fucking tíma tekur þetta. Við hefðum aldrei átt að senda þau. Bæði jafnklikkuð. Hvað heldurðu að þau finni? Þau finna ekki neitt.

HALLDÓR: Pabbi vildi hafa þetta svona. Þetta er hans fyrirtæki.

FINNUR: Hans fyrirtæki! Hvað ertu að tala um, þennan grautfúna andskotans skúr?

HALLDÓR: Þú ert allavega að vinna hérna. Færðu ekki kaup?

FINNUR: Heldurðu að það sé ykkur að þakka? Hvað heldurðu að kæmi inn af peningum ef ég væri ekki alla daga að reyna að þefa uppi eitthvað seljanlegt!

HALLDÓR: Reyndu bara að ljúga þessu að sjálfum þér.

HRAFNHILDUR: Það vita allir að kennitalan þín er skaðlegri en tölvuvírus.

FINNUR: Þá veit maður hvaðan það er komið. You stupid, gossiping cow.

HRAFNHILDUR: Sannleikanum verður hver sárreiðastur.

Hafliði byrjar að umla inn í salnum.

FINNUR: Stelpan er geðveik. – Hvar hefur hún fengið þessa rafbyssu?

HALLDÓR: Það er að minnsta kosti gott að hann er ekki dauður.

HRAFNHILDUR: Ekki þorðir þú að gera neitt. Þið eruð hræddir við allt.

FINNUR: Viltu halda kjafti!

HRAFNHILDUR: Við Halldór erum að tala saman. Skiptu þér bara ekki af því, vinur!

Þögn.

HALLDÓR: Á ég ekki að taka handklæðið út úr honum? Hann gæti kafnað.

HRAFNHILDUR: Hann getur andað með nefinu eins og annað fólk.

HALLDÓR: Það eru tveir tímar síðan þau fóru.

HRAFNHILDUR: Er hann ekki með gema? Hringdu.

HALLDÓR: Maður veit ekkert hvernig stendur á ...

HRAFNHILDUR: Hringdu! Hringdu!

HALLDÓR: (*hringir. Segir.*) Það er slökkt á símanum eða hann utan þjónustusvæðis. Vinsamlegast leggið boð í skilboðaskjóðu Bjöllunnar og við munum hafa samband. (*Leggur á.*)

(*Fastasíminn hringir. Finnur stekkur á hann*)

FINNUR: - Er ekki allt í lagi með þig! - Kanntu ekki á klukku? - Nei, Gunnar er ekki við. Nei, ég veit ekkert um þennan andskotans mykjudreifara! - Nei, þú getur hring á morgun. Já, gerðu það fyrir alla muni, strax klukkan sjö í fyrramálið. (*Hann skellir á.*) Fucking andskotans idjótar!

HALLDÓR: Hvað vild'ann?

FINNUR: Spyrja hvað hann væri á stórum felgum. Það mátti ekki bíða til á morgun.

HALLDÓR Af hverju gastu ekki sagt honum það?

FINNUR: Af því að ég sel ekki bíla á nóttinni!

HALLDÓR: Nei, þá ertu upptekinn að heimsækja annarra manna konur, ekki satt?

HRAFNHILDUR: Ætlarðu að byrja á þessu aftur? Þetta gerðist einu sinni – heldurðu að það sé

eitthvað rosalegt plan í gangi? Þetta gerðist einu sinni. Og það var eftir að þú fékkst á þig nálgunarbann!

HALLDÓR: Af því að ég hrindi þér niður stiga. Ég hrindi fólki ekki niður stiga, það hef ég aldrei gert og mun aldrei gera!

HRAFNHILDUR: Ef þú er að fara í eitthvað big time uppgjör, Halldór, þá er þetta virkilega djöfull illa valinn tími.

HALLDÓR: Já, finnst þér það, virkilega?

HRAFNHILDUR: Já, mér finnst það!

HALLDÓR: Þetta á þó að heita bróðir minn, sem þú ert að ríða!

HRAFNHILDUR: Ég er nú ekki svo viss um það.

HALLDÓR: Viss um hvað?

HRAFNHILDUR: Heldurðu að mamma þín hafi aldrei tekið hliðarspor?

HALLDÓR: Hvern djöfulinn ertu að röfla?

HRAFNHILDUR: Bæði karlar og konur halda fram hjá. Annars væri ekkert framhjáald.

HALLDÓR: Og finnst þér að það eigi að vera svoleiðis?

HRAFNHILDUR: Er einhver að tala um hvað mér finnst? Ég sagði að það væri vísindalega sannað að bæði konur og karlar halda framhjá.

HALLDÓR: Er betra að ríða bróður mínum af því að það er vísindalega sannað að bæði konur og karlar halda framhjá?

HRAFNHILDUR: Svona talar hann við mig! Svo á maður bara að vera lífsglaður og uppfullur af áhuga á heimilislífinu! Ég hef ekki keypt á mig almennilega flík árum saman, ekki farið til útlanda nema í einhverja andskotans pakkaferð á einhvert skítahótel með ískaldri andskotans sundlaug! Og aldrei neinir helvítis peningar! Maður er látin keyra um á einhverjum eldgömlum druslum sem þeim tekst ekki einu sinni að selja hér – á þessum ruslahaug!

FINNUR: Ég er að vera alveg fucking hundleiður á ykkur.

HRAFNHILDUR: Þú ert ekkert betri! Það er sama rassgatið undir þér!

HALLDÓR: Þú ert full, heyriðu það ekki sjálf? Farðu og leggðu þig í hjólhýsinu.

HRAFNHILDUR: Maður er sagður gera sér það upp að vera öryrki, maður kann ekki að elda mat, maður eyðir öllu og leggst undir hvaða fábjárna sem er! – Þetta er lífið sem manni er boðið uppá – þetta er öll ástin!

FINNUR: Drullaðu þér út og láttu okkur í friði!

HRAFNHILDUR: Og láta ykkur stinga af með þrjátíu milljónir? Nei, takk, Finnur Gunnarsson, ég er ekki eins vitlaus og þú heldur!

FINNUR: Haltu þá einhverntíma kjafti!

HRAFNHILDUR: (*horfir móðguð og sár á Finn.*) Aumingja strákurinn. Hann er svo veikur fyrir þroskuðum konum. Hann langar svo mikið að skríða inn á milli læranna á þeim og hverfa inn í

myrkrið. Þar er svo heitt og notalegt og hann getur gleymt því smástund hvað hann er mislukkaður. (*Hrafnhildur glennir sig út í sófanum.*) Komdu, skríddu inn, með hausinn á undan – komdu með lafandi tunguna, gættu þess bara að fara ekki innum rassgatið ...

Steinunn kemur í dyrnar. Gunnar kemur inn á eftir henni; hann heldur á íþróttatösku.

FINNUR: Hvað ertu með? Komdu með þetta!

GUNNAR: Nei, Finnur. Það eru tveir kostir í stöðunni, ég hringi í lögregluna eða þið farið út í hjólhýsi að sofa og leyfið mér að hugsa málið.

FINNUR: Þetta kemur þér, andskotan ekkert við!

GUNNAR: Ef það er þín skoðun þá hringi ég í lögregluna. (*Hann tekur símtólið.*)

HALLDÓR: Pabbi, bíddu, bíddu, hann er bara – æstur. Við förum út. Þú hugsar málið. Komdu, Finnur. Það gerist ekkert í nótt.

MYRKUR

5. ÞÁTTUR

Gunnar situr við skrifborðið. Taskan liggja á skrifborðinu fyrir framan hann.

STEINUNN: (*stendur við gluggann. Horfir út í snjókomuna.*) Þegar ég var lítil lagðist ég á bakið í snjóinn og bjó til engla með höndum og fótum.

GUNNAR: Það gerði ég líka. Englar? Hvaða fyrirbæri eru það eiginlega?

STEINUNN: Englarnir eru vonir okkar. Hvítu englarnir.

GUNNAR: En þeir svörtu?

STEINUNN: Þú skalt ekki vera dapur. Þú færð jólagjöf.

GUNNAR: Ég er of gamall fyrir jólagjafir.

STEINUNN: Það er enginn of gamall fyrir jólagjafir. Hvað eigum við að gera við hann?

GUNNAR: Ég er ekki farinn að hugsa svo langt. Kannski lætur hann sér nægja af fá bílinn. Það var það sem hann sagði. (*Steinunn kinkar kolla. Hún er ekki sannfærð.*) Taskan er tóm, eitrið fór í klósettið.

Þögn.

STEINUNN: Finnst þér ég lík einhverjum sem þú þekkir?

GUNNAR: Mér finnst þú engri lík. Kona með rafbyssu í töskunni. Engri lík.

STEINUNN: (*dregur upp ljósmynd sem hún réttir Gunnari. Þögn. Gunnar skoðar ljósmyndina.*)
Þetta er mamma. Rétt áður en ég fæddist. Þú sérð bumbuna, það er ég. (*Steinunn réttir Gunnari aðra mynd.*)

STEINUNN: Þetta er þú.

GUNNAR: Já, þessi mynd birtist í Bílablaðinu. Þeir höfðu viðtal við mig fyrir nokkrum árum, elsta starfandi bílasalann á landinu. Hvar fékkstu þessa mynd?

STEINUNN: Mamma gaf mér hana líka. *(Réttir Gunnari þriðju myndina.)* Þessi er tekin á Ráðhústorginu í Kaupmannahöfn.

GUNNAR: Já, nú man ég! Við hittumst á Strikinu – fyrir tilviljun. Ég bauð henni ...

STEINUNN: Lilju.

GUNNAR: .. já, einmitt, Lilja, ég bauð henni út að borða. Það var skemmtilegt kvöld. Við spjölluð lengi. Þegar við komum út af veitingahúsinu bauð ég henni arminn. Við gengum út á Ráðhústorg. Ljósmyndari kom auga á okkur. Smellti af þessari polaraud – mynd. Mamma þín fékk myndina. Við kvöddumst fyrir utan hótelið sem hún vann á. Ég hef ekki séð móður þína síðan. Hvað er að fréttu af henni?

STEINUNN: Hún er dái.

GUNNAR: Það er leitt að heyra. Ég samhryggist þér. *(Þögn.)*

STEINUNN: Hún sagði að þú værir pabbi minn.

GUNNAR: Ég hefði ekkert á móti því að þú værir dóttir mín. En það er bara ekki þannig. *(Þögn.)*

Förum að sofa, vina mín. Þú getur lagt þig í sófann. Á morgun tölum við betur saman. Þegar við erum búin að fá botn í önnur mál. Þá tölum við betur saman.

Steinunn leggst í sófann. Dregur teppið yfir sig. Hún grætur hljóðlaust. Gunnar gengur að skrifborðinu, tekur íþróttatöskuna og hengir tóma töskuna á snaga. Hendir plastpokum í raslafötuna. Fer svo inn á skrifstofu sína, dregur rúllugardínur fyrir. Slekkur ljósið. Dok. Steinunn rís á fætur, tekur handtösku sína og fer inn í sýningarsalinn. Hafliði kemur í dyrnar

augnabliki síðar, hann er með hendur bundnar aftur fyrir bak með sterku teipi. Hann er með teip á munninum. Steinnunn kemur á eftir honum. Hún heldur á rafbyssunni. Steinunn ýtir honum niður í sófann.

STEINUNN: *(Haflíði reynir að losa sig.)* Þú skalt ekki reyna þetta. Bræður mínir kála þér ef þú ert með læti. Við erum fjölskylda. Einn fyrir alla, allir fyrir einn. *(Dok.)* Pabbi er búinn að sturta dópínu niður í klósettið. Hann heldur að málið sé úr sögunni. En það er ekki þannig, er það nokkuð? *(Haflíði hristir höfuðið.)* Þú tókst myndir? Auðvitað. Þú geymir þær – á öruggum stað.

Haflíði kinkar kolli.

STEINUNN: *(Steinnunn dregur poka upp úr vasanum á úlpunni sinni. Það er dóppoki.)* Ég stakk þessum undan. Þeir vita ekkert af því. Þú segir engum frá?

HAFLIÐI: *(hristir höfuðið.)*

STEINUNN: Get ég treyst því?

HAFLIÐI: *(kinkar kolli.)*

STEINUNN: Það eru alltaf einhverjir sem vilja kaupa? Þú gætir selt þetta fyrir mig?

HAFLIÐI: *(kinkar kolli.)*

STEINUNN: Við skulum koma í smá bíltúr. Hvernig lýst þér á það? Á Yarisnum mínum. Þú ert vonandi ekki bílhræddur. Ég er nefnilega ekki með bílpróf. *(Steinnunn tekur Yarist lykllana af lyklaspjaldinu.)* Við getum ekki farið í gegnum sýningarsalinn. Hjólhýsið sem strákarnir sofa í er þar. Þeir vakna.

Steinunn ýtir Hafliða út með rafbyssunni. Við heyrum að bíl er startað. Hann fer í gang með andköfum. Gunnar kemur fram í náttfötum. Gunnar gengur að glugganum. Halldór og Finnur koma innan úr sýningarsalnum. Hrafnhildur bætist í hópinn. Finnur hleypur út.

HALLDÓR: Hvað er um að vera? Hvar er tollarinn?

GUNNAR: Þau eru farin.

HALLDÓR: Hvert?

GUNNAR: Ég veit það ekki.

HALLDÓR: Hvað eigum við að gera? Hvað verður um okkur?

GUNNAR: Við seljum bíla á morgun. Ég hef selt bíla í norðan báli á Þorláksmessu.

HALLDÓR: Pabbi ...

GUNNAR: Við sópum af í fyrramálið. Maður selur ekki bíla sem eru á kafi í snjó.

Kannski kemur maðurinn út af Landróvernum. Einn er hver einn.

HALLDÓR: Ég er ekki að tala um bíla!

GUNNAR: Hvað ertu þá að tala um?

HALLDÓR: Okkur.

GUNNAR: Þú ferð með jólagjafirnar til krakkanna þinna. Þið Hrafnhildur borðið saman á aðfangadag.

HALLDÓR: En Finnur?

GUNNAR: Við deyjum ekki úr hungri þótt það séu jól. Það er alltaf opið einhvers staðar. Við Finnur björgum okkur.

MYRKUR

ENDIR

